


Guðný Zoëga
Kári Gunnarsson
Hjalti Pálsson
Bryndís Zoëga

Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar XI- byggðasögurannsókn



Bygðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/203

Forsíðmynd: Horft yfir beitarhús á meintum bæ Halls Mjóðælings í Holtsdal.




© Bygðasafn Skagfirðinga
2018/203

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Aðferðafræði	3
3	Fljót/Stífla.....	5
3.1	Barð	5
	Fornbýli við Flókadalsvatn.....	5
3.2	Hraun	5
	Hrólfsvellir	6
	Þúfnavellir	6
3.3	Skeið	7
	Bæjarstaði Skeiðs	7
	Ónefnt fornbýli	7
3.4	Slétta	8
	Minni-Slétta.....	9
	Fornt garðlag	9
3.5	Stóra-Holt	10
	Holtsdalur austan ár.....	11
	Holtsdalur vestan ár.....	14
	Ríp	16
3.6	Illugastaðir	17
	Björnshús.....	17
3.7	Brúnastaðir.....	17
	Brúnastaðakot.....	18
3.8	Tunga í Stíflu	18
	Hringur	19
	Miðmundarkot/Minni-Tunga?.....	20
3.9	Gautastaðir – uppgröftur á meintum kirkjugarði	20
	Rannsókn á meintum kirkjugarði	21
4	Samantekt	24
5	Lokaorð	25
6	Heimildir	26
7	Fylgiskjöl.....	27

1 INNGANGUR



Mynd 1. Kort yfir staðina sem rannsakaðir voru í Hrolleifsdal, Sléttuhlíð, Flókadal og Fljótum þar sem rannsóknir fóru fram sumarið 2016.

Síðan 2003 hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa um 140¹ staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.

Áhersla hefur verið lögð á staði sem komið hafa í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritarar. Oft er þá um að ræða staði sem heimildir nefna en hafa annað hvort týnst eða að fjöldi og gerð minja gefa til kynna eldri og/eða flóknari byggðasögu en ætluð hefur verið. Rannsóknin miðar einnig að því að gera heildstæða könnun á byggðasögu jaðarsvæða svo sem hálendis, eyðidala, eyja og sellanda. Þannig hafa safnast upplýsingar um byggðaleifar sem ólíklegt er að hefðu orðið rannsóknarefni vegna þess hve úrleidis þær eru. Gagnagrunnur sá sem til verður við rannsóknirnar er vistaður á Byggðasafni Skagfirðinga og útgáfa rannsóknarniðurstæðna á þess ábyrgð en niðurstöðurnar eru einnig birtar í Byggðasöggunni. Rannsóknirnar 2017 voru unnar að hluta í tengslum við útgáfu níunda bindis, sem á að komi út haustið 2019.

¹ Sjá lista yfir staði sem rannsakaðir hafa verið aftast í skýrslu.

Sumarið 2009 fannst kirkjugarður frá 11. öld við byggðasögurannsóknir í Kolbeinsdal. Þar sem Byggðasafnið stendur að skrásetningu og rannsóknum á fornum kirkjugörðum í Skagafirði var ákveðið að leita jafnframt eftir ummerkjum um slík mannvirki við vettvangsvinnu í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Sumarið 2016 var ætlunin að gera könnunarskurð/i í meintan kirkjugarð á Gautastöðum í f.v. Holtshreppi sem liggur nú undir vatnsborði Stíflulóns. Vegna mikilla leysinga fylltist lónið hinsvegar fyrr en venjulega og því ekki hægt að framkvæma rannsóknina. Rannsóknin fór því fram sumarið 2017.

Sumarið 2017 voru alls 26 staðir skoðaðir í Fljótum og Stíflu.

Vettvangsrannsókn, heimildavinna, úrvinnsla og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings, Bryndísar Zoëga, landfræðings og starfsmanna Byggðasögunnar Kára Gunnarssonar og Hjalta Pálssonar..

Heimildamönnum og landeigendum eru færðar kærar þakkir fyrir upplýsingar, aðstoð og leyfi til rannsókna.

Minjastofnun Íslands veitti leyfi til rannsóknanna fyrir leyfi til borkjarnatöku og vegna könnunarskurðanna en einnig var gerður samningur við Þjóðminjasafn Íslands ef gripir myndast.

Númer rannsókna frá Minjastofnun

Borkjarnar: 201705-0109

Rannsókn meints kirkjugarðs á Gautastöðum:

Númer frá Minjastofnun: 201605-0057

Númer frá Þjóðminjasafni Íslands: 2016-30

2 AÐFERÐAFRÆÐI

Minjar eru mældar upp með Trimble Geo7X staðsetningartæki með um 100cm skekkjumörkum. Hnitakerfi ISN93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum, bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Oftast gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru könnunarskurðir teknir. Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Mismunandi er hversu marga kjarna þarf að taka en reynt er að stilla fjölda þeirra í hóf. Jarðlögin í kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað, ljósmynduð og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum. Þegar engin mannvist kemur fram í kjörnum eru þeir ekki skráðir sérstaklega en niðurstaðna getið í umfjöllun um minjar.

Könnunarskurðir eru hafðir eins fáir og litlir og unnt er, bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Ef komið er niður á flóknar mannvistarleifar er skurðunum lokað án frekari rannsóknar. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáiast. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar. Sniðin eru svo hnitsett með Trimble 7XH sem gefur undir metra í skekkju.

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

H3 – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag.

LnL – Landnámslagið, grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

Vj~1000 – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.

H1104 (H1) – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

H1300 – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300 e.Kr.

H1766 – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.

Öll ártöl sem gefin eru upp eru eftir Kristsburð og þess er ekki sérstaklega getið í texta skýrslunnar. Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins. Jarðlög eru einnig aðgreind með númerum í hornklofum í texta. Á yfirlitsteikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri

að lit. Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit. Hnitaskrá yfir minjar, töflur og teikningar með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu. Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjöörnum. Staðirnir sem getið er í skýrslunni eru jafnan taldir upp í landfræðilegri röð.

Loftmyndir eru mikilvægt greiningartæki við skráningu fornleifa en þær eru oft mismunandi að gæðum og stundum teknar á þeim árstíma eða við aðstæður þar sem minjar sjást illa. Sumarið 2015 voru í fyrsta sinn teknar myndir af einstaka minjum og minjasvæðum með flygildi. Slík myndataka getur bætt miklu við greiningu minja sem erfitt að fá yfirlit yfir á jörðu niðri. Myndir úr flygildi geta bætt við fleiri sjónarhornum auk þess sem mismunandi birta, gróðurfar og nærmýndir geta betur dregið fram lögun og gerð minja.




Mynd 2. Gjóska í jarðvegssniði. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svört gjóskulína H1766.

3 FLJÓT/STÍFLA

3.1 BARÐ

Fornbýli við Flókadalsvatn

Við vettvangsferð 2017 í landi Barðs í Fljótum fannst áður óþekkt fornbýli á austurbakka Flókadalsvatns. Tóftir voru greinilega á þremur stöðum og voru þær mjög fornlegar og jarðsokknar. Gata liggur norður-suður meðfram vatninu og aflöng tóft, líkust skála, er fast vestan götunnar. Tóftir tveggja útihúsa voru svo skammt frá. Auk þess var garðbrot sýnilegt á um 30m kafla í boga norðaustan skálatóftarinnar. Ekki var augljóst hvort garðurinn hefur umlukið tóftirnar. Tekin var



Mynd 3. Yfirlitsteikning af óþekktum bæ á austurbakka Flókadalsvatns.

röð borkjarna þvert yfir skálatóftina. Tóftin var um 20m löng og um 8m á breidd. Norður undan tóftinni voru svo óljós veggjabrot, mögulega eldri tóft eða jarðsokkinn nyrsti hluti skálans..

Augljóst var að þarna hefur mikil jarðvegseyðing átt sér stað því mjög grunnt var niður á náttúrulegt í botni tóftarinnar. Lítið var um gjósku á svæðinu en í torfi voru linsur af 1104 og svartri þunnri gjósku, mögulega Vj~1000 laginu. Þarna hefur því verið byggð eftir 1104 en ekki er loku fyrir það skotið að býlið sé eldra. Rannsóknirnar staðfestu að þarna hefur verið búið þar sem nokkuð fannst af kolum en ekkert eiginlegt gólfslag nema sótþandaður jarðvegur fannst syðst í tóftinni

3.2 HRAUN

Hraun var stórbýli til forna og var þá metið 60 hundruð með hjáleigunum Hrúthúsum og eyðihjáleigunum Strýtu, Hrólfsstöðum og Þúfnavöllum. Þaðan var einnig mikið útræði og mikill fjöldi smábýla og sjóbúða í landi jarðarinnar.

Sumarið 2017 voru fornbýli á Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum staðsett og aldursgreind en engin ummerki fundust um eyðihjáleiguna Strýtu. Hún kann að hafa verið sunnan heimatúna, en þar hefur mikil vinnsla á landi farið fram og leifar býlisins því líklega horfnar.



Mynd 4. Tóftir á Hrólfsvöllum í landi Tungu. Lengst til vinstri eru tóftir yngsta bæjarins sem komnin var í eyði á fyrri hluta 18. Aldar. Útihús tilheyrandi bænum má sjá ofarlega fyrir miðri mynd. Örin bendir á tóftir fornbylisins.

Hrólfsvellir

Hrólfsvalla (einnig Hrolleifsvellir) eru í Jarðabókinni 1709 (bls. 341) sögð hafa verið í eyði í tvö ár. Í örnefnaskrá Hrauna (bls. 28-29) segir: Þetta er eyðikot og hefir verið sjálfstæði jörð. Vellirnir sjálfir eru neðan undir Dynjandanum og ná frá Baulubrekku að utan og suður að Torfunum. Túnið hefir verið fast sunnan við Baulubrekku og í skjóli fyrir norðan- og austanvindum; hefir það verið um 5-6 dagsl. og girt að ofan og sunnan. Skýrar tóftir eru þar enn á tveim stöðum og mótar vel fyrir þeim ennþá [...]

Þarna er líklega átt við stæðilegar bæjartóftir sem liggja á hólkoli nyrst í túninu í og fjárhús og hlöðu tóftir um 50m sunnan þeirra. Um 40 metrum neðan fjárhústóftanna eru svo jarðsokknari tóftir eldri bæjar sem engin vitneskja er til um. Borkjarni sem tekinn var í það sem líklega var eldur, staðfesti að um bæ væri að ræða e frekari upplýsingar um aldur hans fengust ekki.

Þúfnavellir

Í örnefnaskrá Hrauna (bls. 50) segir: Þúfnavellir er eyðijörð á Almanningum innan við Hrólfsvelli og hafa lönd jarðanna legið saman, og hefir túnið og bærinn verið beint niður undan Hrólfsvallakambinum, fast niðri á sjávarbakka; sést vel móta fyrir túngarði og tóftum [...]. Túngarðurinn umhverfis Þúfnavelli er glöggur en tóftir innan hans mjög jarðsokknar. Austast í túngerðinum var aflöng tóftamyndun, líklega



Mynd 5. Kjarni sem tekinn var nærri skálatóft á Þúfnavöllum. Á 22cm dýpi má sjá 1104 gjóskuna og undir henni mannvistarleifar.

skálatóft en ekkert gólflag eða aldur fannst í henni. Kjarni sem tekinn var rétt vestan tóftarinnar staðfesti að þarna hefur verið mannbústaður fyrir 1104. Túngarðurinn er hinsvegar reistur eftir 1104.

3.3 SKEIÐ

Fyrst er minnst á bæinn skeið í jarðaskiptabréfi frá 1561 þegar eigandi jarðarinnar Hrólfur Bjarnason hinn sterki á Álfgaersvöllum seldi hana undir Hólástól sem varð þar með eigandi jarðarinnar, samfleytt til ársins 1802. (DI XII, bls. 664-665.)



Mynd 6. Tóftir fornbylis standa á nokkrum hólum innan túngarðs. Örin bendir á tóftirnar á bæjarhólnum.

Skeið var talin 20 hundruð að fornu mati, en eftir að Foss var lagður undir Skeið á 18. öld, var jörðin talin 40 hundruð.

Kjarnar voru teknir í tún nærri bæjarstæði Skeiðs og einnig voru kjarnar teknir í ónefnt fornbyli sem liggur innan skógræktar 650m suður af bæjarstæðinu.

Bæjarstæði Skeiðs

Kjarni var tekinn í unnið tún vestan bæjarins. Í kjarnanum komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1104.

Ónefnt fornbyli

Á fornbylinu má sjá túngarð sem umlykur bæjarhól og nokkrar tóftir. Þessi staður var kallaður „Suður á stekk“ og líklega hefur á einhverjum tíma haft þar í stekk, löngu eftir að nafn bylisins gleymdist. Engar heimildir hafa varðveist um bæ þennan og verður að telja líklegt að þarna hafi verið hjáleiga frá Skeiði, eða mögulega Fossi. Þarna eru bæði yngri útihúsatóftir, beitarhús og mögulega stekkur en einnig eru nokkrar fornlegar, mjög jarðsokknar tóftir. Nokkrar byggðaleifar fundust undir 1300 gjóskunni og einnig var vottur undir 1104 gjóskulaginu.

Túngarðurinn sem umlykur tóftirnar hinsvegar virtist reistur eftir 1104. Bæjarstaðið er því líklega í notkun milli 1000 og 1300.



Mynd 7. Mynd 8. Yfirlitsteikning af báðum bæjarstaðunum nyrst í landi Sléttu, svokallaðri Minni-Sléttu og eldri ónefndum bæ. Kjarnarnir sem teknir voru eru auðkenndir með rauðum stöfum.

3.4 SLÉTTA

Eyðibýlisins Sléttu er fyrst getið í sálugjafabréfi frá 1403.² Býlið var í eigu Hólastóls 1449. Sléttu var að fornu mati 30 hundruð en færð niður í 17,8 árið 1861. Í jarðabók 1709 (bls. 310-11) er talin með í jarðamatinu býlið Minni-Sléttu. Þar segir: „Minne Slietta heitir eitt örnefni hjer í landinu, sem munnmæli segja að bærinn hafi að fornu staðið, og þaðan fluttur verið þángað sem nú er hann, og sjást þar enn ljósar byggingaleifar. Sömu munnmæli segja að þar hafi þá kirkja eður bænhus verið og þykjast menn nú deili sjá til einnar tóftar, sem líklegt þykir að þetta bænhus hafi áður staðið með girðing í líking kirkjugarðsleifa.“Í örnefnaskrá (bls. 1-2) segir „Fyrir utan Gormannslæk er Minni-Sléttu; þar var bær einhvern tíma fyrrum. Tveir hólar

² Íslenskt fornbréfasafn III, 685.

eru þar mest áberandi. Heitir annar Kirkjuhóll, er hann fyrir neðan veginn; hinn heitir Stórhóll og er fyrir ofan Gamla veginn.“ Kirkju er getið á Sléttu í fornbréfasafni en þar var fallið bænhús 1480.³

Minni-Sléttu

Rannsóknir með borkjörnum fóru fram á meintu bæjarstæði Minni-Sléttu sumarið 2016 (sjá áfangaskýrslu BSk 2017-177). Við rannsóknina var staðfest að þarna væri um fornt bæjarstæði að ræða en óbyggjandi vísbendingar fundust ekki um byggð eftir 12. öld. Því var ákveðið að freista þess að athuga mögulega bæjar tóft nyrst á tóftasvæðinu sem varð útundan við rannsóknirnar 2016. Borkjarni var tekinn bæði í gólf tóftarinnar og í jarðveg utan hennar og engar vísbendingar fundust um að þarna væri mannbústaður, né heldur aldur hans.


Fornt garðlag

Fjölmargir fornir garðar hlykkjast um Fljótin og virðast hafa haft margvíslegan tilgang. Tekinn var borkjarni í einn þessara garða þar sem hann liggur nærri bæjarstæði Minni-Sléttu. Sá garður virðist hafa gegnt hlutverki sem göngugarður því hann liggur á milli bæja austan Fljótaár. Borkjarninn sýndi lagskipt torf með linsum af 1104. Hann virðist því hlaðinn eftir þann tíma.



Mynd 9. Kjarni sem tekinn var í fornt garðlag. Sjá má endurteknar línur með 1104 laginu.

³ DI V, 355.



Mynd 10. Leifar fornra selja, tveggja bæja, beitarhúsa og annarra tófta í landi Stóra-Holts við ármót austan Holtsdalsár. Eitt sel til viðbótar var svo nokkru utar (norðar).

3.5 STÓRA-HOLT

Í jarðabók 1709 er Stóra Holt – eða Holt, talið 60 hundruð að dýrleika og eru þar taldar með eyðihjáleigurnar Ríp, Læjarbakki og tómtúsið Þorsteinstóft. Í jarðabók 1874 er heimajörðin talin 40 hundruð en hjáleigurnar Helgustaðir og Minna- Holt teljast 10 hundruð hvor.

Í Jarðabók frá 1709 (bls. 333) segir um selstöður í Holtsdal: „Selstöðu hefur jörðin selt fjórum eður fimm jörðum með þeirra hjáleigum, sem hér liggja næst fyrir framan í sveitinni á Holtsdal, og tók ábúandi af hverjum heimabónda á áðursögðum jörðum XX álna toll, en X álnir af hverjum hjáleigumanni. Síðan bóluna brúkast ekki þessar selstöður fyrir mannfæðu og so stundum áður frá sumum bæjunum. Tveir bæirnir brúkuðu þessar selstöður í sumar með hálfum tolli.“ Í örnefnaskrá Stóra-Holts (bls. 3 og 4) segir: „Þar sem Ólafsfjarðardalsá og Holtsdalsá koma saman, myndast allstór tunga, og herma svo forn munnmæli að Bárður Suðureyingur landnámsmaður hafi reist þar bæ sinn og kallaði hann dalinn Mjóvadal og ána Mjóvadalásá. Hallur Mjódælingur, sonur hans, flutti bæinn heim fyrir ásinn sökum þess, að honum þótti voru seinna upp í dalnum.“

Stóra-Holt átti einnig fyrrum Holtsdal allan en nú eiga hjáleigurnar hluta lands í dalnum. Í Holtsdal er fjöldinn allur af minjum, sel, mögulegar bæjartóftir, beitarhús og heystæði.


Holtaldalur austan ár



Mynd 11. Tóftir sels og/eða bæjar (tóftir 2 í umfjöllun og korti) á austur bakka Holtaldalsár (sjá kjarna 2 og 3). Holtaldalsáin er farin að brjóta af réttartóft sem er austast í rústabungunni

Utan ármóta Holtaldalsár og Ólafsfjarðardalsár er umfangsmikið minjasvæði. Þéttastar eru minjarnar á tungunni við ármótin en þar eru leifar beitarhúsa og a.m.k. þriggja selja og mögulega bæjartófta. Erfiðlega gekk að finna gjósku umhverfi tóftirnar þar sem að mikill jarðvegur hafði verið fjarlægður. Leifar hins meinta bæjar Halls Mjódælings fundust ekki en farið verður á vettvang aftur sumarið 2018 til að kanna nánar hvort þarna kunni að finnast bæjartóftir.

Utar eru svo leifar þriggja til fimm selja auk mögulegs bæjar. Þar sem gjóska fannst í kjörnum virtust minjarnar flestar vera frá tímabilinu 1300 til 1766. Augljóst var að á nokkrum stöðum voru fleira en eitt notkunarkeið, bæði var byggt ofan í eldri tóftir en einnig voru eldri og yngri seltóftir á sama stað. Fjöldi minja í Holtaldal kom mjög á óvart því lítið sem ekkert er minnst á þessar minjar í örnefnaskrá eða öðrum ritheimildum.



Mynd 12. Mynd 13. Ysta selið sem skráð var austan ár (nr. 1). Á ljósmyndinni er horft í norður.

Óþekkt sel í landi Minna-Holts (sjá mynd 12). Nyrstu seltóftirnar á Holtsdal eru austan Holtsdalsárinnar eru um 160 m framan við Merkjalæk, milli Brúnastaða og Minnaholts. Um 50 m sunnar er annað sel, ámóta stórt en virðist eldra, sunnan þess fleiri óskilgreindar tóftir. eru bæði selin ágætlega greinileg og standa án vafa á landi Minna-Holts s.k.v. landamerkjabréfi jarðanna frá árinu 1890. (Landamerkjaskrá Skagafjarðar nr. 284.) Mógrafir og kolagröf er að finna við seltóftirnar.

Óþekkt býli (nr.2 á mynd 10 og einnig á ljósmynd nr. 11), er á milli Stóruskálarlækjar og Holtsdalsár. Þar eru tóftarbrot bæjar, upp á nokkuð stæðilegum tóftarhóli, fram á bakka Holtsdalsárinnar. Útihsúsatóftir eru í nágrenninu sem ætla má að hafi tilheyrt býlinu. Engar ritaðar heimildir geta um býli en munnmæli segja þó að karl einn, sem bjó í Stórholti, hafi unað svo illa við umferðina og gestanauðina niður frá að hann hafi flutt sig þangað uppeftir. (Steingrímur Þorsteinsson í Stórholti 3.10.1996, viðtal HP.). Önnur munnmæli eru skráð í 24. bindi Skagfirðingabókar þar sem segir: „Munnmælasöguna um búsetu Bárðar Suðureyings á Holtsdal hafa menn viljað tengja þessum hól.“ (Skagfirðingabók nr. 24. bls. 106-107)

Óþekkt sel (nr. 3 á mynd 10). Innar á dalnum um 100 m austur frá ánni eru tvennar seltóftir en þær eru um 330 m norður frá tóftum beitarhúsa við Ólafsfjarðardalsá. Um 30 m eru á milli tóftanna, sem virðast ekki vera frá sama tíma, a.m.k. eru austari tóftirnar mun gleggri, veggjaskil greinileg og mikil gróska í grasi. Hinar eru nærri samlitur umhverfinu og augljóslega eldri. Báðar seltóftirnar eru í tungunni milli Stóruskálarlækjar og Holtsdalsár.




Mynd 14. Beitarhúsatóftir (nr 6) fyrir miðjri mynd og umhverfis tóftir a.m.k. þriggja selja og óskilgreindra útihúsa. Beitarhúsin voru byggð ofan í tóftir eldri bæjar.

Óþekkt sel (nr. 4 á mynd 10). Um 300 m suður með Holtdalsánni eru seltóftir, eru þær um 30m norðar en beitarhúsatóftirnar sem síðar verður lýst. Engar heimildir geta um þetta sel en stendur það á landi Stóra-Holts, s.k.v. landamerkjabréfi frá 1890. (Landamerkjaskrá Skagafjarðar nr. 284.)

Óþekkt sel (nr. 5 á mynd 10). Um 300 m upp með Stóruskálarlæknum að norðan eru seltóftir sem engar heimildir geta um. Mjög stórar kvíar eru við selið að norðan og er selið sjálft mjög stæðilegt. Fleiri tóftir eru skammt ofan við selið, líkjast mest stekkjartóftum, gætu þó verið eldri kvíar.

Beitarhús (nr. 6 á mynd 10). Hjálmar Jónsson (1898-1911) bóndi í Stórholti byggði beitarhús í tungunni norðan við Ólafsfjarðardalsána, Ríkharður á Brúnastöðum segir að þarna hafi verið gengið á beitarhús til 1920. Tóftir húsanna eru greinilegar, garðahús, með dyrum á vesturenda, um 10 m löng og heytóft þvert fyrir austurenda.

Óþekkt býli (nr. 7 á mynd 10). Þegar forleifakönnun var gerð við fyrrnefnd beitarhús sumarið 2017, kom í ljós að undir þeim eru tóftir óþekktis bæjar, sem ekki sér lengur merki vegna beitarhúsanna. Mikill öskuhaugur er í jörðu vestan við bæjarstæðið og túngarðsstubbur upp sunnan við. Við skráningu minja komu í ljós fjölmargar tóftir nærri bænum og virðast frá mismunandi tímaseiðum. Ekki fundust merki um byggð fyrir Heklugosið árið 1104 og byggðin virðist því a.m.k. yngri en það.




Mynd 15. Tóftir á Saurbæjarseli.

Saurbæjarsel. Innstu tóftirnar sem skoðaðar voru austan ár voru tóftir staks sels um 2,5km inn af ármótum Holtsdalsár og Ólafsfjarðardalsár. Þær voru mældar upp en engir kjarnar teknir Í umfjöllun um sel í Holtshreppi segir Páll Sigurðsson frá Lundi, að selið sé „Stutt út og ofan undan nyrðra Kattarhorni.“ (Páll Sigurðsson, Sel í Holtshreppi ljósrit.)


Holtsdalur vestan ár

Vestan ár voru minjar skoðaðar á nokkrum stöðum. Innst var **Reykjarhólssel.** Selið er vestan Holtsdalsár um 430 m framur en ármót Ólafsfjarðardalsár og Holtsdalsár. Þar eru tóftir af 3-4 seljum, auk þess sem eldri heystæðistöftir eru norðan seljanna. Örnefnaskrá Holtsdals, Kristján Eiríksson.) Engir borkjarnar voru teknir þarna en minjarnar voru mældar upp. Borkjarnar voru hinsvegar teknir á tveimur seljum sem liggja til móts við ármót Holtsdalsár og Ólafsfjarðardalsár.




Mynd 16. Tóftir á Reykjarhólsseli.

Óþekkt sel (1). Næsta sel vestan árinna, norðan við Reykjarhólssel er um 50 m upp frá ánni, 300 m norður frá ármótum Holtsár og Ólafsfjarðardalsá. Engar heimildir geta um selið og því óvíst frá hvaða bæ það var. Borkjarnar sýndu fram á að þar hefur verið haft í seli einhverntímann á tímabilinu milli 1300 og 1766.



Mynd 17. Seltóftir austan við Gömlurétt en vestan Holtsaldár. Vinstra megin er sel 1, hægra megin sel 2.

Óþekkt sel (2). Um 200 m norðvestan við síðast nefndu seltóftirnar [1] eru tóftir annars sels sem engar heimildir geta um. Þær eru á lágum hól í mýrunum um 160 m austan Holtdalsár, um 200 metrum sunnan við slóðina upp frá Stórholti, sem liggur austur að Holtdalsá. Borkjarnar sýndu fram á að þar hefur verið haft í seli einhvern tímann á tímabilinu milli 1300 og 1766.



Mynd 18. Tóftir á Gömlurétt í landi Stóra-Holts.

Nyrstu seltóftirnar vestan ár eru að svokallaðri **Gömlurétt**. Hún liggur austan í ásnum milli Holts og og Holtdals. Sunnan réttarinnar og á svæði austan hennar er svo að finna fleiri minjar. Ein tóftanna er líkleg til að vera af veglegu seli eða jafvel býli og sunnan hennar voru mögulegar fornar bæjartóftir auk stekkjjar, líklega frá býlinu Ríp. Ekki tókst að fá nákvæmari tímasetningu en að seltóftirnar væru frá því fyrir 1766 en sumarið 2018 þarf að taka þarna fleiri kjarna.




Mynd 19. Fornbýlið Ríp séð úr lofti, horft til suðausturs. Tvær greinilegustu tóftirnar innan túngarðs eru frá síðasta bænum. Þær liggja ofan á tóftum eldri bæjar. Hringlaga réttin sést til hægri ofarlega á myndinni.

Ríp

Í Jarðabók 1709 (bls. 333) er talað um hjáleiguna Ríp skammt frá heimatúni Holts og er hún þá í byggð. Í svörum við örnefnaskrá segir: „Rétt sunnan við Ríp er mjög djúp kvos, nefnd Rípurlaut. Í henni er hringlaga garður. Sjaldan festir snjó í þessari laut. Gömul kona sagði Steingrími, að bænhús hefði einhvern tímann verið á Ríp.“ Tóftirnar liggja vestan megin á hálsinum sem skilur að Stíflu og Holtsdal. Túnið lá innan túngarðs sem afmarkar tún um 164m frá norðvestri til suðausturs og um 80m austur-vestur.

Við rannsókn 2017 var staðfest að byggð hefur verið á Ríp milli 1104 og 1300. Síðan virðist langur tími líða án nokkurrar vísbendingar um byggð. Það kann því að vera að seinni tíma ábúð hafi einungis verið skammvinn. Ekki fékkst aldur á túngarðinum en hann er greinilega eldri en þær tóftir sem greinilegastar eru, bæjartóft og útihúsatóft. Fleiri eldri tóftir er að finna við túnarð og utan hans. Teknir voru kjarnar í og innan hringlaga réttar og gáfu þeir vísbendingu um að garðlagið kunní að vera eldra en 1104. Vera kann að réttin sé eldri en býlið Ríp og hafi þá ekki tilheyrt því. Réttin er um 20m í þvermál og nokkuð heilleg en neðsti (vestasti) hluti veggjarins er þó nokkuð hruninn. Engin ástæða er til að ætla að þetta mannvirki hafi verið kirkjugarður.



Mynd 20. Teikning sem sýnir afstöðu minja á fornþýlinu Rípi landi Helgustaða.

3.6 ILLUGASTAÐIR

Í Jarðabók 1760 eru Illugastaðir taldir 30 hundruð með afbýlinu Björnshúsum. Þar segir (bls. 336): „Björnshús.

Tómthús ljeð fá-tækum mönnum til húsmensku um nokkur ár, fallið fyrir meir en 40 árum. Húsleiga meina menn verið hafi xx álnir í landaurum, og hafði húsmáður af öngvum landsnytjum neitt nema eldivið so sem hann með þurfti.“

Í örnefnaskrá Illugastaða (bls. 3) segir: „Út frá Yztahúsgerðinu er hár hóll, sem heitir Kollur; niður af honum á Vatnsbakkanum er hóll, á honum er tóftarbrot, sá hóll heitir Björnstóftir.“

Björnshús


Tóftir voru mældar upp og kjarnar teknir á meintum tóftum Björnshúsa. Engin gjóska fannst til að aldurgsgreina tóftirnar betur en komið var niður á öskuhaug sem staðfestir að um lítinn bæ sé að ræða. Ljóst var að á svæðinu voru bæði eldri og yngri tóftir og er bærinn augljóslega byggður á eldri byggingaleifum. Kjarni var tekinn í mjög fornlegt garðlag sem lá upp frá Miklavatni utan tóftanna. Óljóst er hvort að garðurinn hafi verið túngarður eða haft annað hlutverk en sá garður var hlaðinn eftir 1104.

3.7 BRÚNASTAÐIR

Í Jarðabók 1760 eru jörðin talin 30 hundruð. Brúnastaðakot er nefnt í Jarðabók 1709 (bls. 335) þar sem segir „Brunastadakot, forn eyðihjáleiga, bygt á selstæði heimajarðarinnar hjer um fyrir 40 árum, og varaði bygðin ekki full 20 ár.“ Í örnefnaskrá Brúnastaða (bls. 3) er kotið kallað Brúnakot og þar segir „Þar telja sumir, að landnámsbærinn hafi staðið.“



Mynd 21. Tóftir á Björnshúsum. Bæjarstóftin er vinstra megin við miðja mynd rétt ofan vatnsborðs.



Mynd 22. Yfirlitsteikning af minjum á og við Björnshús.

Brúnastaðakot

Á Brúnastaðakoti eru leifar lítils bæjar og útihúsatóftir tilheyrandi honum. Ein fornlegri tóft var í nágrenninu, sem gæti hafa tilheyrt selinu. Teknir voru nokkrir kjarnar í og við tóftirnar en þarna er mjög jarðgrunnt og ekki fengust neinar afgerandi niðurstöður um aldur. Leifar selsins eru, að undanskilinni fyrrgreindri tóft, alveg horfnar. Hinsvegar er mjög ólíklegt að þarna hafi landnámsbærinn staðið.



Mynd 23. Horft til suðurs yfir Brúnastaða kot. Til hægri er bæjartóftin en til vinstri eru útihús. Fjar á mynd, til hægri má greina ógleggri eldri minjar, e.t.v. kvíar sem tilheyrt hafa selinu.

3.8 TUNGA Í STÍFLU



Mynd 24. Horft til suðvesturs yfir bæjarstaði Tungu. Tunguáin sem sést hægra megin á mynd hefur valdið miklum usla og er stór hluti heimatúnsins skemmdur af hennar völdum. Stíflulónið hefur einnig sökkt hluta heimatúnsins. Mjög jarðgrunnt er á bæjarstaðinu og þar hefur verið farið yfir með stórvirkjum vinnuvélum. Þar fundust því engin merki fornrar byggðar. Þó kann auðvitað að vera að elsti bærinn hafi staðið annarsstaðar en seinustu íbúðarhúsin.

Tunga var stórbýli og með hjáleigum sínum, landstærsta jörðin í Holtshreppi og mikil heyskaparjörð. Hennar er fyrst getið í kaupbréfi frá því um 1500. Í Jarðabókinni 1709 er sagt að Tungujörð sé sundur skipt í fimm býli, úr skipt að tünnum og engjum en öðrum landsnytjum óskipt. Tonga var að fornu metin til 60 hundraða með 4 hjáleigum, en sjálf heimajörðin talin 20



Mynd 25. Horft til suðausturs yfir garðlög og tóftir á Hring.


hundrað. Árið 1861 var Tunga með hjáleigum metin 68,2 hundrað og heimajörðin þá talin 32 hundrað Jörðinni tilheyrðu á seinni öldum hjáleigurnar Háakot, Hringur og Hamar og fyrir 1920 voru Þorgautstaðir lagðir undir jörðina. Við Skeiðsfossvirkjun missti jörðin allt sitt heyskaparland undir vatn nema $\frac{3}{4}$ af túni, samtals 114 hektara

Hringur

Hringur er eyðibýli frá árinu 1946 og var ein af hjáleigum Tungu en hafði þó úrskipt land, tún og engjar en bithagi var sameiginlegur. Býlið var 10 hundrað að fornu mati eins og Hamar, en þó betra kot. Kjarnar sem teknir voru í tún gáfu vísbendingar um að þarna hafi verið búið þegar á 11. öld. Á Hring eru stæðilegar leifar garða og útihúsa en bæjartóftirnar eru nokkru ógleggri. Borkjarnar bentu til að þar hafi verið búið þegar á 11. öld.

Ónefnt fornbylí/Hringsgerði (?)

Neðst á Austur-Tungudal eru tóftir bæjar sem Hjalti Pálsson kallar Hringsgerði. Þar höfðu bændur á hjáleigunni Hring beitarhús, þó ekki á 20. öld. Engin heimild, önnur en örnefni, er til um býli með þessu nafni. Þarna eru tveir afgangir tóftahólar sem liggja austur- vetur efst í stuttri brekku og skilja þá að um 20 metrar. Austari hóllinn eru augljóslega fjárhús tvö hlið við hlið, um 11 m löng og heildarbreidd um 11,5 m. Dyr snúa í suðaustur en 3 m breið heytóft er fyrir gaffli. Að baki




Mynd 26. Yfirlitsteikning sem sýnir leifar fornbylis innan við Tungu á svokölluðu Hringsgerði.

heytóftinni hefur svo staðið kofi, um 7 m langur og 5 m breiður. Heildarlengd rústanna er um 20 m og liggja þær að hluta á eldri minjum. eru það líklega beitarhúsin sem um getur. Tóftirnar í vestari hólnum voru eldri, augljósari bæjartóftir. Lengd tóftanna er nálega 18 m en breiddin 5,5-6,5 m, breiðari vestan til. Húsið virðist hafa verið þríhólfað og eru dyr greinilegar í norðvestur enda. Þar örlar á dálitlum krók sem nær u.þ.b. 3 m út. Rannsókn með borkjörnum sýndi að þarna hefur verið búið bæði fyrir of eftir 1766. Býlið gæti því verið frá 16-18. öld.

Miðmundarkot/Minni-Tunga?

Í túni um 40m norður af veglegum fjárhústóftum á svokölluðu Miðmundarkoti og um 220m suður af Tungubæ eru mishæðir í túni. Kjarni sýndi að þarna var öskuhaugur og var hann frá því fyrir 1300. Hvort þarna er um að ræða leifar Miðmundarkots skal ósagt látið. Gætu einnig verið leifar afbýlisins Minni-Tungu eða býlis sem nafnið er ekki þekkt á.

3.9 GAUTASTAÐIR – UPPGRÖFTUR Á MEINTUM KIRKJUGARÐI




Mynd 27. Horft til suðvesturs yfir bæjarstaði Gautastaða. Meintur kirkjugarður liggur hægra megin við þar sem lækurinn rennur út í fjöruborð Stíflulóns. Ólíklegt er að lækurinn hafi ætíð runnið þarna þar sem hann hefur verið leiddur í ræsi í gegn um yngsta torfbæinn. Í læknum eru steinar sem gætu hafa verið lagðir til að stíka lækinn en gætu líka verið leifar einhvernar byggingar. „Kirkjugarðurinn“ sést sem hálfbogi til austurs frá fjöruborðinu.

Gautastaðir eru eyðibýli í Stíflu, nyrsti bærinn vestan megin. Gautastaðir voru að fornu metnir 20 hundruð ásamt tveimur eyðihjáleigum, Gautastaðakoti og Ögn. Við endurmatið 1861 lækkaði verðgildið niður í 17,1 hundruð. Við virkjun Skeiðsfoss um 1972 fór Stífluvatnið nær upp að bænum. Lítil túnblettur varð eftir umhverfis bæ og útihús við rætur fjallshlíðar en stór hluti túns og útihús fóru undir vatn. Jörðin var komin í eyði 1963 og þar standa nú engar byggingar uppi.

Um bænhús á Gautastöðum segir í Jarðabókinni 1709 (bls. 315) „Hér hefur að fornu bænhús verið og sjást þess enn merki, þó er það af fallið fyrir manna minni“. Þess er fyrst getið í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1487 þar segir að Knappsstaðaprestur skuli þjóna í

bænhúsinu á Gautastöðum. Í kirknatali Ólafs biskups frá sama ári er nefnt bænhús á Gautastöðum „og er niðri“, þ.e. niður fallið. Í lýsingu séra Björns Stefáns Þorvaldssonar á Knappsstaðasókn 1840 segir að bænhús hafi verið á Gautastöðum og í Tungu að fornu og sjáist vottur til þess að þar hafi verið grafið. (Jarðabókin 1709, bls. 315; DI V, bls. 255-256 og 355; Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu, bls. 184). Í örnefnaskrá Gautastaða (bls. 8) segir: „Bænhús var áður á Gautastöðum beint fram af gamla bænum. Nú er u.þ.b. helmingur bænhússgarðsins komið undir vatn. Þar fann Jóhannes tvo efri góma úr manni, eftir að stíflað var.“



Mynd 28. Yfirlitstekning sem sýnir legu bæjarhúsa og meints kirkjugarðs á Gautastöðum. Ofan við „kirkjugarðinn“ er aflöng fornleg húsatóft en enginn aldur fannst á henni.

Rannsókn á meintum kirkjugarði

Í fjöruborðinu framan við bæjarstæðið á Gautastöðum er hálf- hringlaga lág upphækkun og fyrir miðju hennar flatir steinar sem gætu hafa verið úr undirstöðum veggjar. Ummál upphækkunarinnar var um 18m en ekkert sérstakt lag var á steinunum úr byggingunni. Allur yfirborðsjarðvegur er horfinn og yfirborðið er þakið sand- og malarlagi. Hreyfingar vatnsins í fjöruborðinu færa mölina til sem losar um jarðveg þannig að hann skolast auðveldlega í burtu.

Enn virðist brjóta af landi þar sem í fjöruborðinu lágu torfur sem nýlega höfðu losnað frá landi. Þess má því vænta að jarðvegurinn í garðinum, sem er sagður hálfur undir vatni þegar örnefnaskráin var rituð, hafi skolast í burtu. Þó má vera að vestasti blá-hluti garðsins liggji enn undir bakkann.

Rannsókn 2017



Mynd 29. Yfirlitsmynd sem sýnir áætlaða legu garðsins og skurðanna sem teknir voru.

Þann 16. maí var farin vettvangsferð að Gautastöðum þar sem gera átti tilraun til að athuga hvort hægt væri að staðfesta tilvist kirkjugarðs. Mjög naumur tími var til rannsókna því um leið og ísa leysir fyllist lónið hratt. Mannskapur og búnaður voru ferjuð yfir á báti en nokkuð umstang er að komast á staðinn.



Mynd 30. Skurður 3. Einungis voru um 10cm niður á grófa skriðumöl á svæðinu.

Hreinsað var niður úr grófu yfirborðs sand/malarlaginu þremur stöðum og reyndist það um 8-12cm að dýpt. Á tveimur stöðum var komið beint niður á grófa þétta skriðumöl. Mölin var moldarskotin en engin ummerki niðurgraftar fundust. Vottur af mannvist, beinaleifar og móaska var í flekkjum efst í mölinni en allar lífrænar leifar voru mjög illa varðveittar og þau bein sem fundust nánast smjörkennd. Opnuð voru svæði um 70x70cm að stærð en ekki þótti taka því að grafa þar frekar.

Á þriðja staðnum, beint norðan meintna kirkjugrunn, var mölin viðráðanlegri og þar náðist að taka skurð sem var um 1,5m langur og um 50cm breiður. Þar var meiri mold í mölinni og hún því lausari fyrir og auðveldara að grafa. Því var grafið dýpra í suðurendanum. Þar virtist jarðvegur rótaður með örlítilli

mannvist efst. Einungis var hægt að grafa niður um 20cm en þar var komið niður á þétt malarlag.



Mynd 31. Unnið við uppgröft í meintum kirkjugarði, horft í norður. Svæðið innan hringlaga afmörkunarinnar er eilítið hærra en landið umhverfis en engir veggir eru greinanlegir. Í forgrunni eru grjóthleðslur yfir læk en óvíst er hvort þær eru undirstaða byggingar, stétt eða hafa haft einhvern annan tilgang.

Rannsóknin sýndi að jafnvel þótt þarna kunna að leynast grafir yrði erfitt að afmarka þær. Allur yfirborðsjarðvegur er horfinn og hafi grafir verið teknar ofan í skriðumölinu gæti verið erfitt að greina þær á yfirborði. Til að kanna það nánar þyrfti að hreinsa mölina ofan af stærra svæði en ekki var tími til þess í þetta sinn. Það er líka óljóst hvort að slík rannsókn hefði eitthvað upp á sig þar sem kirkjubýgging og kirkjugarðsveggir eru alveg horfnir, auk þess sem jarðvegurinn er blautur og varðveisla beina líkast til slæm. Í þeim tveimur kirkjugörðum sem grafið hefur verið í í Fljótum, á Móskógum og Sléttu, var einnig stutt niður á jökulmöl og grafirnar sem skoðaðar voru höfðu verið teknar allt að 40cm niður í malarhroða. Engin bein fundust við þær rannsóknir þótt augljóslega væri um grafir að ræða. Hafi bein ekki verið flutt úr görðunum má vera að varðveisla beina sé ekki ýkja góð í Fljótum. Þar er mjög snjópungt, jarðvegur súr og víða fremur jarðgrunnt.

Það varð því ekki staðfest með vissu að þarna væri kirkjugarður. Óljós hringmynduð upphækkun, mögulegir steinar úr undirstöðum byggingar, auk sögusagna styðja þó við þá túlkun

4 SAMANTEKT

Sumarið og haustið 2017 fóru fornleifarannsóknir fram á 26 minjum/minjastöðum í tengslum við verkefnið Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar. Um var að ræða staði í Fljótum og Stíflu sem verða umfjöllunarefni IX. bindis Byggðasögu Skagafjarðar. Að mestu fóru þær fram í formi borkjarna en könnunarskurðir voru einnig teknir á Gautastöðum. Auk þess voru fjölmargar minjar mældar upp þó svo að aldur þeirra væri ekki kannaður nánar.

Tafla 1. Listi yfir staði sem rannsakadir voru 2016.

Tegund minja	Sérheiti	Jörð	Tegund rannsóknar	Aldur
Fornbýli	Hrólfsvellir	Hraun	Borkjarnar	Fyrir 1104
Fornbýli	Þúfnaveilir	Hraun	Borkjarnar	Fyrir 1104
Fornbýli	Strýta	Hraun	Fannst ekki	Var ekki bæjarstæði
Fornbýli	Óþekkt	Skeið	Borkjarnar	Fyrir 1300
Bæjarstæði	Skeið	Skeið	Borkjarnar	Fyrir 1104
Bæjarstæði	Minni Slétta	Slétta	Borkjarnar	Engar niðurstöður
Garðlag		Slétta	Borkjarnar	Eftir 1104
Sel austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Eftir 1300
Sel (bær?) austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Milli 1300 og 1766
Sel (bær?) austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Fyrir 1766
Sel austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Milli 1300 og 1766
Sel austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Eftir 1104
Sel austan Holtsdalsár	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Eftir 1300
Garðlag	Stóra-Holt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Eftir 1104
Sel vestan Holtsdalsár	Óþekkt	Stóra-Holt	Borkjarnar	1300-1766
Sel vestan Holtsdalsár	Óþekkt	Stóra-Holt	Borkjarnar	1300-1766
Skáli? Óþekkt	Gamlarétt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Fyrir 1766
Bær/sel?	Gamlarétt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Fyrir 1766
Rétt/útihús?	Gamlarétt	Stóra-Holt	Borkjarnar	Fyrir 1766
Fornbýli	Ríp	Helgustaðir	Borkjarnar	1104-1300
Fornbýli	Björnshús	Illugastaðir	Borkjarnar	Óþekkt
Fornbýli	Brúnastaðakot	Illugastaðir	Borkjarnar	Ekki vitað
Bæjarstæði	Tunga	Tunga	Borkjarnar	Fyrir 1104
Bæjarstæði	Hringur	Tunga	Borkjarnar	Fyrir 1104
Fornbýli	Hringsgerði (?)	Tunga	Borkjarnar	Fyrir 1104
Bæjarstæði	Miðmundarkot?	Tunga	Borkjarnar	Fyrir 1300
Eftir að klára 2018				
Sel		Þrasastaðir	Borkjarnar	
Sel		Þrasastaðir	Borkjarnar	
Sel	Saurbæjarsel	Saurbær	Borkjarnar	
Fornbýli	Ásendakot	Illugastaðir	Borkjarnar	
Hólar	Hólar	Hólar	Borkjarnar	
Bæjarstæði	Hólakot	Hólar	Borkjarnar	
Bæjarstæði	Hvammur	Hvammur	Borkjarnar	
Bæjarstæði	Húnsstaðir	Knappstaðir	Borkjarnar	
Eldra bæjarstæði?	Melbreið	Melbreið	Borkjarnar	
Fornbýli?	Óþekkt	Nefstaðir	Borkjarnar	
Fornbýli?	Lundskot	Lundur	Borkjarnar	

Staðirnir 26 voru af ýmsum toga en áhersla er lögð á að rannsaka leifar mannabústaða og meintra býla. Bæjarleifar má grófflokkaða í þrennt, frum bæjarstæði jarða, forna mannabústaði sem ekki eru augljóslega sjálfstæð býli og svo fornbylí sem oftast eru afmörkuð með túngörðum eða eru þekkt afbýli frá bæjum.

Mikill fjöldi selja og tófta, sérstaklega í Holtsdal, komu á óvart því fáar heimildir eru til um þær þrátt fyrir að um miklar og glöggar minjar sé að ræða. Flestar minjanna sem voru aldursgreindar eru aflagðar þegar á 18. öld sem kann að skýra skort á heimildum. Eina heimildin um selstöður í Holtsdal í Jarðabókinni 1709 segir að flest selin séu löngu aflögð og er þar um kennt mannfæð eftir bóluna.

Í Fljótum hefur reynst erfiðara að finna gjósku en víða annarsstaðar í Skagafirði. Hvort þar er um að kenna að svæðið er utar í firðinum eða því að þar er víða mjög jarðgrunnt er óvíst. Lengri tíma getur tekið að finna aldur á minjum auk þess fleiri minjar falla í óráðinn aldursflokk heldur en þar sem gjóskulög eru gleggri. Þó er nokkuð ljóst að byggð hefst snemma í Fljótum og að þar eru miklar og vel varðveittar mannvistarleifar frá elstu tíð.

5 LOKAORÐ

Með tiltölulega einföldum rannsóknum hefur miklu verið aukið við fyrirliggjandi þekkingu á skagfirskri fornbyggð. Búið er að fylla í sögu einstakra bæja og byggðahluta auk þess sem fjöldi áður óþekkttra og nafnlausra byggðaleifa hefur verið kortlagður. Ljóst er að í Fljótum er óvenju mikið af heillegum búsetuminjum, sem að hluta orsakast af því hversu snemma margar jarðir hafa farið í eyði og stórvirkar vinnuvélar hafa því ekki verið notaðar til að slétta úr túnnum, nema að litlum hluta. Einnig kunna snjóþyngsli og veðurfar að spila inn í varðveisluskilyrðin.

Síðasta bindi Byggðasögunnar sem krefst vettvangsvinnu kemur út 2019 og verður Holtshreppur tekinn þar fyrir. Sumarið 2018 er ætlunin að skoða fornleifafræðilega nokkra staði sem urðu út undan eða bættust við 2017 en þetta verður seinasta vettvangssumarið sem tengist ritun Byggðasögunnar. Ljóst er er þó að Fljótin bjóða upp á marga spennandi möguleika til frekari og fjölbreyttari rannsókna og er það framtíðarverkefni að byggja ofan á þann grunn sem lagður hefur verið með byggðasögurannsóknunum.

6 HEIMILDIR

Prentaðar heimildir

Íslenskt fornbréfasafn III (Diplomatarium Islandicum III) (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Íslenskt fornbréfasafn IV (Diplomatarium Islandicum III) (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum V) (1902). Kaupmannahöfn, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Íslenskt fornbréfasafn X (Diplomatarium Islandicum X) (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Gísli Magnússon (1970). Sala Hólastólsjarða, *Skagfirðingabók 5*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson og Hjalti Pálsson (2015). *Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar IX*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson og Bryndís Zoëga (2016). *Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar X*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Íslensk fornrit I. Landnáma og Íslendingabók. (1968). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Magnússon, Á., & Vídalín, P. (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Sturlunga saga. 1. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstj.). Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Illugastaða

Örnefnaskrá Brúnastaða

Örnefnaskrá Hrauna

Örnefnaskrá Tungu

Örnefnaskrá Stóra-Holts

Holtsdalur - örnefnaskrá


7 FYLGISKJÖL

1. Listi yfir kjarna.

Kjarnar sem teknir voru í fornþýli við Flókadalsvatn – í landi Barðs

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.809,393	616.276,065	Kjarni tekinn í vegg „skála“ á 1m á línu. 0-5cm: Grasrót. 5-32cm: einsleitt torf með svartri þunnri gjósku. 32cm: náttúrulegt.
K2	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.808,434	616.276,594	Kjarni tekinn í vegg „skála“ á 2m á línu. 0-8cm: grasrót. 8-28cm: fremur einsleitt torf með H3. 28-38cm: lagskiptara torf. 38cm: náttúrulegt.
K3	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.807,310	616.276,826	Kjarni tekinn í gólf „skála“ á 3m á línu. Þunn koladreif á 15cm dýpi en annars engin sýnileg mannvist í kjarna.
K4	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.806,483	616.277,157	Kjarni tekinn í gólf „skála“ á 4m á línu. Engin mannvist í kjarna.
K5	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.805,325	616.277,024	Kjarni tekinn í vegg „skála“ á 5m á línu. Kjarni tekinn í vestur langvegg „skálatóftar“. 0-8cm: grasrót. 9-28cm: lagskipt torf. 28cm: náttúrulegt.
K6	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.804,432	616.276,958	Kjarni tekinn í vegg „skálatóftar“ á 6m á línu. 0-7cm: grasrót. 7-35cm: lagskipt torf með H3. 35cm: náttúrulegt.
K7	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.806,483	616.268,062	Kjarni tekinn í suður enda meintrar skálatóftar. 0-3cm: grasrót. 3-14cm: torf. 14-18cm sótþlandaður jarðvegur. 18cm: náttúrulegt.
K8	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.806,913	616.285,557	Kjarni tekinn í óljóst framhald meintrar skálatóftar norðanvert. 0-7cm: grasrót. 7-20cm: torf með kolum. 20-30cm: torf með 1104 gjóskunni. 30cm: náttúrulegt.
K9	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493.806,483	616.268,062	Kjarni tekinn norðan tóftar. 0-6cm: grasrót. 6-40cm: lagskipt torf með H3. 40cm: náttúrulegt.
K10	Fornþýli við Flókadalsvatn	17.07.2017	493,827.617	616,299.301	Kjarni tekinn í garð norðan tófta. 0-5cm: grasrót. 5-38cm: lagskipt torf með H3. 38cm: náttúrulegt.


Túlkun: Virðist yngra en 1104 en ekki vitað hvenær komið í eyði.



Kjarnar sem teknir voru í fornbylíð Hrólfsvelli í landi Hrauna.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Hrólfsvellir	17.07.2017	496.889,215	626.659,699	Kjarni tekinn í gólf dýpsta hluta eldri bæjartófta. 0-6cm: grasrót. 6- 17cm: einsleit mold. 17-23cm: gólf með kolum. 23cm: náttúrulegt.
K2	Hrólfsvellir	17.07.2017	496.872,388	626.660,334	Kjarni tekinn í tún neðan gömlu bæjartóftanna. 0-6cm: grasrót. 6- 16cm: einsleit mold. 16cm: gráleit gjóska (H1300?). 17-26cm: rótuð mold með koladreif. 26cm: náttúrulegt.
K3	Hrólfsvellir	17.07.2017	496.881,357	626.670,415	Kjarni tekinn í tún neðan gömlu bæjartóftanna. 0-6cm: grasrót. 6-10cm: fokmold. 10cm: koladreif. 10-16cm: einsleit mold. 16cm: H1300. 17-25cm einsleit mold. 25cm: koladreif. 26-35cm einleit mold. 35cm: náttúrulegt.
K4	Hrólfsvellir	17.07.2017	496.884,929	626.674,066	0-7cm: grasrót. 7-21cm: einsleit fokmold. 21-22cm: H1104 in situ. 22-35cm: einsleit mold með kola- og móðskudreif. 35cm: náttúrulegt.


Túlkun: Visbendingar um byggð frá því fyrir 1104, milli 1104 og 1300 og eftir 1300. Staðfest að tóftir sunnan seinasta bæjar eru eldri bæjartóftir.



Kjarnar sem teknir voru í fornbylíð Þúfnavelli í landi Hrauna

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Þúfnavellir	17.07.2017	496.728,633	625.779,302	Kjarni tekinn í óglögga „skála“ tóft. 0-6cm: grasrót. 6-30cm: rótað einsleitt torf. 30cm: gólfslag, 102cm þykkt kolalag. 32cm: óhreyft.
K2	Þúfnavellir	17.07.2017	496.720,272	625.789,885	Kjarni tekinn í brekku vestan „skála“ tóftar. 0-23cm: óhreyft. 23cm: H1103 in situ. 24-25cm: einsleit mold. 25-39cm: rótaður jarðvegur með torfi. 39cm: koladreif og b rennd bein. 40cm: náttúrulegt..
K3	Þúfnavellir	17.07.2017	496.713,809	625.823,588	Kjarni tekinn í túngarð norðan tófta. 0-10cm: grasrót. 10-50cm: lagskipt torf með linsum af H1104.


Túlkun: Vísbendingar um byggð bæði fyrir og eftir 1104.



Kjarnar sem teknir voru í ónefnt fornþýli í landi Skeiða í Stíflu.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Skeið - fornþýli	23.08.2017	498,878.468	611,040.002	Kjarni tekinn í túngarð sunnanverðan. 0-9cm:grasrót. 9-60cm: lagskipt torf með H1104 og mögulega 1000 laginu.
K2	Skeið - fornþýli	23.08.2017	498,856.226	611,128.929	Kjarni tekinn í öskuhaug nyrst á þar sem virtist mögulegur bæjarhóll. 0-0-9cm:grasrót. cm:grasrót. 5-16cm: móaska og kol í lögum. 16-34cm: rótað torf. 34cm: óhreyft.
K3	Skeið - fornþýli	23.08.2017	498,846.568	611,141.629	Kjarni tekinn norðan við mögulegan bæjarhól. 0-16cm: óhreyft. 16cm: H1300 mögulega in situ). 17-40cm: rótuð mold með H1104 og koladreif. 40cm: Mól.
K4	Skeið - fornþýli	23.08.2017	498,860.723	611,126.680	Kjarni tekinn í öskuhaug í brekku sunnanvert í meintum bæjarhóli. 0-5cm:grasrót. 5-13cm: mold með smásteinum. 13-27cm rusl, móaska og kol. 27cm: náttúrulegt.
K5	Skeið - fornþýli	23.08.2017	498,841.938	611,083.685	Kjarni tekinn í tóft sunnan bæjarhóls. 0-12cm: óhreyft. 12-39cm: lagskipt torf með H1104. 39cm: koladreif neðst í kjarna. 39cm: náttúrulegt.
K6	Skeið - bæjarstæði	23.08.2017	498,735.570	611,663.341	Í unnu túni vestan bæjarstæðis Skeiða. 0-7cm:grasrót. 7-21cm: rótuð mold. 21cm: H1300 in situ. 21-29cm: rótuð mold með mannvist. 29-40cm: rótuð mold með koladreif. 40cm: náttúrulegt.
K7	Skeið - bæjarstæði	23.08.2017	498,713.133	611,680.697	Í unnu túni vestan bæjarstæðis Skeiða. 0-4cm:grasrót. 4-17cm: rótað. 17cm: H1104 in situ. 18-20cm: brennd bein, móaska og kol 20cm: náttúrulegt.

Túlkun: Á ónefnda fornþýlinu var hægt að sýna fram á mannvist fyrir 1300. Í túni við bæinn kom hinsvegar í ljós mannvist fyrir 1104.




Kjarni tekinn í fornt garðlag í landi Sléttu í Stíflu.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Slétta - garður	17.07.2017	498.412,371	498.412,371	0-7cm: grasrót. 7-12cm: fokmold. 69cm: lagskipt torf með 1104. 69cm: náttúrulegt.
K2	Minni_Slétta	17.07.2017	498.644,203	616.195,240	0-17cm: óhreyft. 17-35cm: rótuð mold með torfflekkjum. 35cm: náttúrulegt.
Túlkun: Garður eftir 1104.					

Kjarnar sem teknir voru í tóftir austan Holtsdalsár í landi Stóra Holts.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,124.080	616,716.288	Kjarni tekinn í nyrsta selið austan ár í Holtsdal (tóftaþyrping 1). 0-10cm: óhreyft. 10-40cm: torf með H1104 og H1300. 40cm: óhreyft.
K2	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,420.940	616,375.577	Kjarni tekinn í mögulegan bæ eða seltóftir austan Holtsdalsár (tóftaþyrping 2). 0-17cm: óhreyft. 12cm: H1766 in situ. 12-15cm: fokmold. 15-40cm: torfveggur með H1104 og H1300. 40cm: náttúrulegt.
K3	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,414.788	616,377.826	Kjarni tekinn í mögulegan bæ eða seltóftir austan Holtsdalsár (tóftaþyrping 2). 0-10cm: grasrót. 10-12cm: fokmold. 10cm: H1766 in situ. 12-64cm: ruslahaugur, lagskiptur haugur með linsum af móösku en þykkari kolalögum neðst. 64cm: óhreyft.
K4	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,558.315	616,243.698	Kjarni tekinn í fornlegar tóftir, líklega lítils sels (tóftaþyrping 3), norðan tófta á ármótum Holtsdalsár og Ólafsfjarðardalsár. 0-10cm: óhreyft. 10-27cm: torf með H1104. 27-40cm: þykkt gólflag með kolum og brenndum beinum.
K5	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,593.632	501,593.632	Kjarni tekinn í seltóftir (mögulega bær) vestan lækjar en austan Holtsdalsár (tóftaþyrping 4). 0-8cm: óhreyft. 8cm: H1766 in situ. 8-10cm: fokmold. 12-30cm: einsleitt torf með grárrí gjósku (H1300). 40cm: steinn.
K6	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,775.582	616,034.726	Kjarni tekinn í seltóftir norðan beitarhúsa við ármót Holtsdalsár og Ólafsfjarðardalsár (tóftaþyrping 5). 0-6cm: grasrót. 6-40cm: þykk mannvistarlög, torf með H1300, móaska og kol. 40cm: náttúrulegt.
K7	Holtsdalur – austan ár	01.08.2017	501,837.185	615,988.357	Kjarni tekinn í garðlag, mögulegan túngarð eða göngugarð syðst á tóftasvæðinu. 0-7cm: grasrót 7-12cm: fokmold. 12-40cm: torf með H1104 og H3. 40cm: náttúrulegt.
Túlkun: Tóftaþyrping 1, yngri en 1300. Tóftaþyrping 2, yngri en 1300 en eldri en 1766. Tóftaþyrping 3, yngri en 1300 eldri en 1766. Tóftaþyrping 4, yngri en 1104 engin efri mörk. Tóftaþyrping 5, yngri en 1300 en engin efri mörg. Garðlag sem mögulega hefur tengst bæ er yngra en 1104 en efri mörk fundust ekki.					




Fornleifar í Holtsdal – austan ár

Kjarnar sem teknir voru í tóftir vestan Holtsdalsár í landi Stóra-Holts/Minna-Holts/Helgustaða.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Holtsdalur – vestan ár	27.07.2017	501,550.524	616,012.089	Kjarni tekinn í gólf seltófta skammt vestan Holtsdalsár. 0-7cm: grasrót. 7-19cm: torf með H1104 og H1300. 19-22cm: gólflag með móösku.
K2	Holtsdalur – vestan ár	27.07.2017	500,866.012	616,194.212	Kjarni tekinn í gólf meintra seltófta á svokallaðri Gömlurétt. 0-12cm: óhreyft. 12cm: H1766 óhreyft. 13-18cm: torf. 18-21cm: gólf með kolum. 21cm: náttúrulegt.
K3	Holtsdalur – vestan ár	27.07.2017	500,866.940	616,196.069	Kjarni tekinn mögulega skálatóft við svokallaða Gömlurétt. 0-12cm: óhreyft. 12cm: 1766 in situ. 12-28cm: torf blandað koladreif. 28cm: náttúrulegt.
K4	Holtsdalur – vestan ár	27.07.2017	500,850.230	616,242.486	Kjarni tekinn í bæ eða sel á Gömlurétt. 0-7cm: grasrót. 7-10cm: fokmold. 10-17cm: rótað. 17cm: H1766 in situ. 17-29cm: rótuð mold með koladreif. 29-35cm: torf með stærri bitum af kolum. 35cm: steinn.


Túlkun: Sel 1 er eldra en 1766 en yngra en 1300. Ekki var staðfest að um skála væri að ræða við Gömlurétt en minjarnar voru eldri en 1766. Bæjar- og/eða seltóftir á Gömlurétt eru eldri en 1766.



Kjarnar sem teknir voru í tóftir fornbylisins Rípur í landi Helgustaða (áður Holts).

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Ríp í landi Stóra-Holts	20.07.2017	500,420.330	615,942.705	Kjarni tekinn í hringlaga rétt sunnan bæjarstæðis á Ríp. 0-13cm: óhreyft. 13cm: H1300 in situ. 15-60cm: lagskipt torf með H1104 og líklega 1000 laginu. 60cm: náttúrulegt.
K2	Ríp í landi Stóra-Holts	20.07.2017	500,415.647	615,944.849	Kjarni tekinn inni í hringlaga rétt sunnan bæjarstæðis á Ríp. 0-6cm: óhreyft. 6cm: H1766 in situ. 6-13cm: óhreyft. 13cm: H1300 in situ. 16-18cm: óhreyft. 18cm: H1104 in situ. 19-28cm: torf. 28cm: náttúrulegt.
K3	Ríp í landi Stóra-Holts	20.07.2017	500,413.028 615,994.855	500,413.028 615,994.855	Kjarni tekinn í öskuhaug í brekku sunnan bæjartófta. 0-17cm: óhreyft. 17cm: H1300 mögulega in situ. 17-40cm: lagskipt rusl.
K4	Ríp í landi Stóra-Holts	20.07.2017	500,412.075 616,002.792	500,412.075 616,002.792	Kjarni tekinn rétt vestan við bæjartóftirnar. 0-14cm: H1300 in situ. 15-20cm: fokmold. 20-25cm: rótað. 25cm: H1104 in situ. 25cm: óhreyft.


Túlkun: Ríp er byggt milli 1104 og 1300 en vísbending er að réttin í Rípur laut sé frá því fyrir 1104.



Kjarnar teknir í meint fornþýli, Björnshús, í landi Illugastaða.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Illugastaðir	19.07.2017	498,629.376	618,219.724	Kjarni tekinn í meinta bæjartóft. (Björnshús?). 0-8cm: grasrót. 8-40cm: lagskipt torf með kolalinsum. 40cm: óhreyft.
K2	Illugastaðir	19.07.2017	498,637.155	618,218.613	Kjarni tekinn í ruslahaug sunnan tóftar. (Björnshús?). 0-10cm: grasrót. 10-40cm: ruslslag, mold með móösku, kolum og brenndum beinum. 40cm: óhreyft.
K3	Illugastaðir	19.07.2017	498,581.592	618,351.804	Kjarni tekinn í fornan túngarð norðan meintra Björnshúsa. 0-10cm: grasrót. 10-40cm: lagskipt torf með H1104. 40-60cm: torf án 1104. 60cm: náttúrulegt.

Túlkun: Ekki fannst neinn óbyggjandi aldur meintra Björnshúsa en túngarður vitnar um byggð fyrir og eftir 1104.



Kjarnar teknir í heimatún og fornbylí í landi Tungu í Stíflu.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Tunga	24.07.2017	500,290.960	607,433.354	Kjarni tekinn vestan bæjarstæðis í Tungu. 0-13cm: óhreyft. 13cm: koladreif. 13-25cm: fokmold. 25cm: H1300 in situ. 26-31cm: fokmold með koladreif. 31cm: H1104 in situ. 32-45cm: fokmold með koladreif. 45cm: náttúrulegt.
K2	Tunga	24.07.2017	500,523.463	607,320.906	Kjarni tekinn í tún á býlinu Hring. 0-5cm: rótað. 5-18cm: fokmold. 18cm: H1300 in situ. 19-26cm: rótuð mold með koladreif. 26cm: H1104 in situ. 26-28cm: koladreif. 28cm: náttúrulegt.
K3	Tunga	24.07.2017	500,536.573	607,310.614	Kjarni tekinn í tún á býlinu Hring. 0-8cm: óhreyft. 8cm; H1766 in situ. 9-15cm: fokmold. H1300 in situ. 16-20cm: H1104 in situ. 21-25cm: rótað með kolafoki. 25cm: náttúrulegt.
K4	Tunga	24.07.2017	500,058.237	606,608.934	Kjarni tekinn austan meintra bæjartófta á fornbylínu Hringssgerði. 0-5cm í fornbylíð Hringssgerði. 5-15cm: fokmold með koladreif. 15cm: 1766 in situ. 15cm: náttúrulegt.
K5	Tunga	24.07.2017	500,036.542	606,637.906	Kjarni tekinn í öskuhaug norðan meintra bæjartófta á Hringssgerði. 0-7cm: grasrót. 5-20cm: rótað torf. 20-29cm: H1766 in situ. 29-40cm: ruslaga með kolum og móösku. 40cm: náttúrulegt.
K6	Tunga	23.08.2017	500,281.723	607,228.845	Í heimatúni á Tungu, norðan fjárhústófta á Miðmundarkoti. 0-8cm: grasrót. 8-18cm: einsleit fokmold með flekkjum af 1104 og koladreif. 19cm: H1300 in situ. 20-34cm: móaska brennd bein og

Túlkun: Byggð hafin í Tungu fyrir 1104. Á býlinu Hring var staðfest byggð fyrir 1104 og 1300 en lítil merki byggðar frá 1300-1766. Á fornbylínu Hringssgerði var sýnt fram á byggð milli 1300 og 1766 en einnig eftir 1766. Á Miðmundarkoti var sýnt fram á byggð fyrir 1300.

